

Leiðbeiningar

fyrir útflytjendur, sem hafa leyfi til SMT-tollafgreiðslu

Útgáfa 1.3

Inngangur

Leiðbeiningar þessar eru gerðar fyrir útflytjendur, sem fengið hafa leyfi til pappírslausrar tollafgreiðslu, hér eftir nefnd SMT-tollafgreiðsla, samkvæmt reglugerð nr. 858/2000 um SMT-tollafgreiðslu. Þeir sem fengið hafa leyfi til SMT-tollafgreiðslu eru hér nefndir leyfishafar. Leiðbeiningarnar lýsa verklagsreglum við SMT-tollafgreiðslu, en að öðru leyti vísast til ofangreindrar reglugerðar svo og annarra fyrirmæla í lögum og reglugerðum um tollafgreiðslu. Sjá enn fremur handbókina “Tollskýrslugerð – útflutningur”, sem útgefin er af embætti ríkistollstjóra.

Útflytjandi, sem hefur leyfi til SMT-tollafgreiðslu, má og getur aðeins tollafgreitt eigin vörusendingar og póstsendingar. Af því leiðir að skilyrt er við SMT-tollafgreiðslu að vörusendingar séu skráðar á nafn og kennitölu útflytjanda í farmskrá hjá tollstjóra. Útflytjandi kemur fram fyrir eigin hönd við tollmeðferð og tollafgreiðslu vörusendingar og póstsendingar, sem m.a. felur í sér framlagningu SMT-útflutningsskýrslu hjá tollstjóra, og upplýsingagjöf vegna tollmeðferðar vörunnar.

- Með orðinu **póstsending** í leiðbeiningum þessum er átt við bögglasendingar, smápakka og bréf sem tollafgreiða má á útflutningsskýrslu, ebl. E-2.1.
- Með orðinu **vörusending** í leiðbeiningum þessum er átt við vörur, sem tollafgreiddar eru hjá Tollstjóranum í Reykjavík eða hjá sýslumönnum utan Reykjavíkur.
- Orðið **tollafgreiðslustaður** er hér notað yfir þá tollstjóra og sýslumenn þar sem SMT-tollafgreiðsla vöru getur farið fram.

Tollafgreiðsla með útflutningsskýrslu á pappír

Útflytjanda, sem hefur leyfi til SMT-tollafgreiðslu er jafnframt heimilt, ef nauðsyn krefur eða að kröfu tollstjóra, að tollafgreiða vörur með skriflegri útflutningsskýrslu ebl. E-2.1.

Bráðabirgðatollafgreiðsla

Ef bráðabirgðatollafgreiða þarf vöru vegna útflutnings, þá ber að leggja fram útflutningsskýrslu á pappír á tollafgreiðslustað. Fullnaðartollafgreiðslu skal jafnframt framkvæma með útflutningsskýrslu á pappír.

Pappírslaus útflutningsskýrsla – SMT-útflutningsskýrsla

Pappírslaus tollskýrsla, hér á eftir nefnd SMT-útflutningsskýrsla, inniheldur sömu reiti til útfyllingar og skrifleg útflutningsskýrsla, sbr. samskjal (eyðublað E-2), en með eftirtöldum frávikum:

1. Í stað undirskriftar prókúruhafa í reit 54 á útflutningsskýrslu á eyðublaði E-2 fyrir samskjal, hefur leyfishafi SMT-tollafgreiðslu skýrt frá því í umsókn um SMT-tollafgreiðslu, sem samþykkt hefur verið af tollstjóra, hverjir hafi leyfi til að skuldbinda hann með sendingu SMT-útflutningsskýrslu til tollstjóra. Viðkomandi starfsmenn leyfishafa hafa staðfest ábyrgð sína með undirskrift á umsóknina. Leyfishafi skal tilkynna tollstjóra ef breyting verður á nafnalista vegna nýrra starfsmanna eða starfsmanna sem hætta störfum. Viðkomandi starfsmenn eru skráðir á kennitölu leyfishafa í undirskriftaskrá útflytjendaskrár Tollakerfis, tölvukerfi tollafgreiðslu hjá tollinum og Tollalínu¹, sem er aðgangur útflytjanda að Tollakerfi.
2. Í útflutningsskýrslu á samskjali, eyðublaði (E-2), eru fjórir reitir sem skylt er að fylla út, en ekki eru fylltir út í SMT-útflutningsskýrslu. Reitir þessir eru:
 - Reitur 3: Eyðublöð
 - Reitur 5: Vöruliðir
 - Reitur 29: Útflutningstollstöð
 - Reitur 32: Vöruliður nr.
3. Í reit 7 skal skrá tilvísunarnúmer leyfishafa, ætlað tollyfirvöldum, sem leyfishafi gefur hverri útflutningsskýrslu og fylgiskjöllum hennar. Tollskjöl, sem eiga við tiltekna SMT-útflutningsskýrslu, skulu öll fá þetta tilvísunarnúmer og vera geymd í bókhaldi leyfishafa. Númerið skal vera einkvæmt og auðkennt árinu. Að öðru leyti má leyfishafi ákveða útfærslu númerins. Leyfishafi ábyrgist að nota uppgefið tilvísunarnúmer í SMT-útflutningsskýrslu, svo tollyfirvöld geti án fyrirvara fundið tollskjöl yfir viðkomandi vörusendingu eða póstsendingu í tölvukerfi og bókhaldi hans vegna athugunar á tollskjöllum sem þau kunna að gera hjá leyfishafa á meðan eða eftir að SMT-tollafgreiðsla hefur átt sér stað.
4. Viðtökunúmer böggla, smápakka eða bréfs, sem SMT-flutningsskýrsla póstsendingar tekur til, skal leyfishafi skrá í SMT-tollskýrslu, sbr. staðfestingu pósthúsa til útflytjenda um viðtöku póstsendinga (þessar upplýsingar eru skráðar neðst í reit 44 á skriflegri útflutningsskýrslu). Fjöldi viðtökunúmera segir um leið til um fjölda fylgibréfa og þar með fjölda böggla. Svæðið er 13 stafa fyrir hvert viðtökunúmer.

¹ Tollalína í útflutningi er ekki fyrir hendi eins og er, en stefnt er að því að koma henni upp fljótlega.

Varsla SMT-útflutningsskýrslu

Útflytjanda er ekki skylt að prenta út SMT-útflutningsskýrslu, en hann skal varðveita hana á tölvutæku formi eins tryggilega og önnur bókhaldsgögn.

Leyfi og vottorð

Ef skilyrt er í lögum og reglugerðum að leyfi, vottorð eða áritanir liggi fyrir áður en tiltekin vara er tollafgreidd út úr landinu skal gefið til kynna í SMT-útflutningsskýrslu að þau gögn séu til staðar. Það er gert með því að útflytjandi skráir í SMT-skýrslu viðeigandi þriggja stafa lykíl ásamt tilvísun, sem er númer eða dagsetning leyfis eða vottorðs, allt að 14 stafir, sbr. reitur 44 á skriflegri útflutningsskýrslu ebl. E-2.1.

Leiðbeiningar um útfyllingu á reit 44 í útflutningsskýrslu er að finna í handbókinni "Tollskýrslugerð - útflutningur", sem gefin er út af embætti ríkistollstjóra og er brýnt að eftir þeim sé farið. Upplýsingar um leyfi, vottorð og bönn á tollskrárnúmeri má fá á disklingi hjá Tollstjóranum í Reykjavík - Skúlagötu 17, en einnig má fletta þeim upp í tollskrá í Tollalínunni.²

Sérstakar reglur vegna EUR-upprunasönnunar:

Til þess að njóta fríðinda vegna þeirra fríverslunarsamninga sem Ísland hefur gert verða útflytjendur t.d. að leggja fram ásamt tollskýrslunni sérstakt flutningsskírteini, EUR. 1 eða yfirlýsingu á vörureikningi til staðfestingar á uppruna varanna.

- Ef um EUR skírteini er að ræða skal færa í þennan reit þriggja bókstafa skammstöfun fyrir skírteinið, bókstafinn A og númer þess þar fyrir aftan.
Dæmi: EUR A123456
- Ef EUR yfirlýsing/áritun er á vörureikningi, sem tilheyrir útflutningsskýrslu skal rita orðið "YFIRLÝSING" í svæðið á eftir kódanum. Þannig: EUR YFIRLÝSING

Tegundir tollafgreiðslu

Eftirtaldir tegundir tollafgreiðslu eru heimilar í SMT-útflutningsskýrslu útflytjanda sbr. reit 1, 2. hluti, á útflutningsskýrslu ebl. E-2.1:

- US í afgreiðslu nr. 1 og umferð nr. (n) vegna almennra vörusendinga, póstsendinga og hraðsendinga samkvæmt nánari skilyrðum í 11. gr. reglugerðar nr. 858/2000 um SMT-tollafgreiðslu. Um hraðsendingar gildir ennfreður reglugerð nr. 445/1997 um tollafgreiðslu hraðsendinga.
- Tollstjórinn í Reykjavík getur heimilað að SMT-tollafgreiðsla taki til fleiri tegunda tollafgreiðslu.
- Flutningsmiðlurum, sem annast hraðsendingar ber að annast tollafgreiðslu hraðsendinga, en geta heimilað útflytjanda að annast tollafgreiðslu sinna hraðsendinga. Flutningsmiðlari ber eftir sem áður ábyrgð á að fullnaðartollafgreiðsla hraðsendinga fari fram og innan tilskilins frests.

² Sjá neðanmálsgrein á bls. 2.

Afgreiðsluferill SMT-tollaafgreiðslu

Almennt

Pappírslaus tollaafgreiðsla fer fram með SMT-skeytasendingum milli útflytjanda, tollstjóra og farmflytjanda eða annarra viðurkenndra vörsluhafa ótollaafgreiddrar vöru. Öll SMT-skeyti fara í gegnum Almenna gagnaflutningsnet Landssímans hf eða sambærilegt gagnaflutningsnet og í gegnum X.400 staðlað gagnahólf. Það gerist á þann hátt að sendandi SMT-skeytis sendir skeyti úr tölvukerfi sínu í gagnahólf viðtakanda og viðtakandi sækir skeytið úr gagnahólfi sínu og les inn í tölvukerfi sitt. Öll skeyti eru enn fremur send inn í eða frá Tollakerfinu hjá Skýrr hf, en þar er tölvukerfi tollýfirvalda, nefnt Tollakerfið, staðsett. Tollakerfið er notað við tollaafgreiðslu hjá öllum tollstjórum með því að þessir aðilar tengjast kerfinu hjá Skýrr hf. Tollstjórinn í Reykjavík hefur yfirumsjón með Tollakerfinu.

Íslenska skammstöfunin fyrir pappírslaus viðskipti er SMT og merkir "Skjalasendingar milli tölva". Fjölpjódaskammstöfunin er EDI, "Electronic Data Interchange". Hvert SMT-skeyti inniheldur á tölvutæku formi upplýsingar þess skjals, sem skeytið er ætlað til flutnings á samkvæmt staðli. SMT-skeytin koma í stað skjala, sem ella hefðu farið á milli leyfishafa SMT-tollaafgreiðslu og tollaafgreiðslustaðar á pappír. T.d. útflutningsskýrslur, útflutningskvittanir, útflutningsheimildir o. fl. skjöl eins og nánar er greint frá hér á eftir.

Eftirtaldir tollstjórar geta framkvæmt SMT-tollaafgreiðslu:

Tollstjórinn í Reykjavík og allir sýslumenn utan Reykjavíkur.

Eftirtaldir farmflytjendur og viðurkenndir vörsluhafar ótollaafgreiddra vara geta tekið á móti útflutningsheimildum með SMT-skeytum:

Eimskip hf.
Flugleiðir hf.

Samskip hf
Atlantsskip ehf

Flugflutningar ehf
flutningsmiðlarar

"Skjöl", sem fara á milli aðila með SMT-skeytum

Eftirfarandi SMT-skeyti fara á milli aðila. Heiti skeytanna og uppbygging er samkvæmt staðli Sameinuðu þjóðanna, UN/EDIFACT, fyrir pappírslaus viðskipti.

Heiti skeyta: Skjal/skýringar:

Útflutningsskýrsla frá útflytjanda til tollaafgreiðslustaðar

- CUSDEC - Customs Declaration.

Vörusending eða póstsending telst vera tekin til tollmeðferðar á tollaafgreiðslustað þegar CUSDEC skeytið hefur verið skráð mótttekið í Tollakerfið hjá Skýrr hf. Sé móttöku SMT-útflutningsskýrslu hafnað sendir Tollakerfið CUSGER skeyti sjálfvirkt til innflytjanda með skýringum. Móttöku CUSDEC skeytis er hafnað ef sendingarnúmer eða kennitala er ekki rétt og fleiri tilvik.

Tilkynning frá tollafgreiðslustað til útflytjanda um tollafgreiðslu vörusendingar eða bakfærslu, sem er afturköllun á tollafgreiðslu.

- CUSTAR - Customs Tax Calculation/Confirmation Response.
Tilkynning frá tollstjóra til útflytjanda, sem inniheldur samsvarandi upplýsingar og kemur í stað kvittunar á pappír frá tollafgreiðslustað. CUSTAR skeytið er sent um leið og tollafgreiðsla vörusendingar eða póstsendingar fer fram á tollafgreiðslustað. Skeytið er einnig notað vegna bakfærslutilkynningar, en þá er tollafgreiðsla vörusendingar og útflutningsheimild afturkölluð. Um leið og útflytjanda er sent CUSTAR skeyti er farmflytjanda sent CUSPAR skeyti, þ.e. útflutningsheimild; tilkynning frá tollstjóra um að vörusending sé tollafgreidd og útflutningur heimilaður.

Útflutningsheimild frá tollafgreiðslustað til farmflytjanda eða miðlara ef miðlari er vörsluhafi vörunnar.

- CUSPAR - Customs Package Response.
Útflutningsheimild, tilkynning um tollafgreiðslu vöru, frá tollstjóra til farmflytjanda eða annars vörsluhafa ótollafgreiddra vara. Farmflytjandi eða annar vörsluhafi hinnar ótollafgreiddu vöru má ekki flytja út vöruna fyrr en CUSPAR skeytið hefur borist honum frá tollstjóra.

Vara telst tollafgreidd þegar CUSTAR skeyti hefur verið sent útflytjanda og CUSPAR skeyti hefur verið sent farmflytjanda og tollafgreiðslustaður þar með heimilað útflutning vörusendingar eða póstsendingar. Sjá nánar 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 858/2000. CUSPAR skeytið er einnig notað ef útflutningsheimild er afturkölluð af tollstjóra sem á sér stað ef sending er bakfærð hjá gjaldkera þar. Þá er farmflytjanda eða miðlara sent CUSPAR skeyti um að tollafgreiðsla og útflutningsheimild sé afturkölluð.

Athugasemdir frá tollafgreiðslustað við SMT-útflutningsskýrslu, sem sendar eru útflytjanda

- CUSERR - Customs Error Response.
Athugasemdir, sem starfsmaður á tollafgreiðslustað kann að gera við SMT-skýrslu, þegar hún er til afgreiðslu þar. Skeytið er sent frá tollstjóra til útflytjanda, sem getur sent inn leiðréttu SMT-skýrslu með nýju CUSDEC skeyti.

Beiðni frá tollafgreiðslustað til útflytjanda um að hann sendi tollskjöl til viðkomandi tollafgreiðslustaðar

- CUSDOR - Customs Document Response.
Beiðni frá tollafgreiðslustað til útflytjanda um að senda tiltekin tollskjöl vörusendingar eða póstsendingar til viðkomandi tollstjóra t.d. vegna vöruskoðunar eða annarrar athugunar. Beiðnin skal prentuð út hjá útflytjanda og látin fylgja þegar tollskjöl eru send til tollafgreiðslustaðar. Í beiðninni er veittur tiltekinn frestur til að skila inn tollskjöllum.

Tilkynning um synjun móttöku SMT-útflutningsskýrslu eða synjun tollafgreiðslu

- CUSGER - Customs General Response.

Ef móttöku SMT-skýrslu eða tollafgreiðslu hennar er synjað á tollafgreiðslustað af Tollakerfi er CUSGER skeyti sent til útflytjanda. Skeytið inniheldur texta, sem greinir frá ástæðu synjunar.

Ef móttöku, tollmeðferð, er synjað getur ástæðan m.a. verið að kennitala sé röng eða að heimild útflytjanda til SMT-tollafgreiðslu hafi verið felld úr gildi.

Ef tollafgreiðslu er synjað á móttækinni SMT-útflutningsskýrslu getur ástæðan m.a. verið að SMT-heimild hafi verið afnumin eftir að skýrslan var móttækin á tollafgreiðslustað.

Tollafgreiðsla vörusendingar eða póstsendingar ekki heimiluð

Til þess að vörusending eða póstsending geti fengið tollafgreiðslu verður útflytjandi að hafa tollafgreiðsluheimild hjá tollstjóra.

SMT-útflutningsskýrsla leiðrétt eftir tollafgreiðslu

Ef leiðrétt þarf SMT-útflutningsskýrslu eftir tollafgreiðslu skal það gert með innlögn útflutningsskýrslu á pappír ásamt fylgiskjölum hjá viðkomandi tollafgreiðslustað.

SMT-tollafgreiðsla póstsendingar

Áður en útflytjandi hefur SMT-tollafgreiðslu póstsendinga skal hann hafa samband við pósthús þar sem póstsendingar eru til tollafgreiðslu. Ástæða þessa er sú að SMT-leyfishafi þarf að semja við pósthús um það hvernig farið skuli með greiðslu póströfu vegna póstsendingarinnar og greiðslu þjónustugjalda til pósthúss, þ.e. tollmeðferðargjalds (M-gjald) og geymslugjalds (L-gjald).

Tollafgreiðsla miðlara á vörum útflytjanda, sem hefur leyfi til SMT-tollafgreiðslu

Allar útflutningsskýrslur miðlara innihalda bæði kennitölu miðlara og kennitölu viðkomandi útflytjanda, sem á vöru.

Miðlari tollafgreiðir með útflutningsskýrslu á pappír

Þegar um tollafgreiðslu með skýrslu á pappír er að ræða er kvittun í framan greindu tilviki stíluð á miðlara, en einnig kemur fram nafn viðkomandi útflytjanda.

Miðlari tollafgreiðir með SMT-útflutningsskýrslu - Tilkynning send miðlara

Ef miðlari framkvæmir tollafgreiðslu vöru með SMT-skýrslu og útflytjandi, sem á vöru, er með gilda heimild til SMT-tollafgreiðslu hjá tollstjóra, þá er miðlara send tilkynning (CUSTAR skeyti) um tollafgreiðslu vörunnar.

Varsla gagna

Leyfishafa SMT-tollafgreiðslu ber að varðveita þau tollskjöl, þ.m.t. leyfi, vottorð og áritanir, í bókhaldi sínu, sem hefði átt að leggja fram með útflutningsskýrslu ef hún hefði verið lögð inn hjá tollstjóra sem skrifleg skýrsla á ebl. E-2 samkvæmt almennum reglum. Tollskjöl vörusendingar eða póstsendingar skulu vera til staðar hjá leyfishafa þegar SMT-tollafgreiðslan fer fram.

Ef miðlari með leyfi til SMT-tollafgreiðslu, annast tollafgreiðslu fyrir útflytjanda þá ber honum sem umboðsaðila útflytjanda að fá tollskjöl vegna útfyllingar útflutningsskýrslu, en það breytir engu um skyldur útflytjanda að varðveita í sínu bókhaldi tollskjöl er varða hina útfluttu vöru.

Leyfishafa er ekki skylt að prenta út skeyti ef þau eru varðveitt á réttan hátt á rafrænu formi, t.d. CUSTAR, skuldfærslutilkynningar (e.a. bakfærslutilkynningar), nema CUSDOR, beiðni um að senda tollskjöl vörusendingar eða póstsendingar til tollafgreiðslustaðar, þegar við á.

Þau gögn, sem varða tollafgreiðslu vöru og eingöngu eru geymd á rafrænu (tölvutæku) formi, skal varðveita jafn tryggilega hjá útflytjanda og öll önnur bókhaldsgögn. Þessi gögn eru m.a. SMT-skeytin og SMT-útflutningsskýrslur. Í þessu sambandi er skylt að framkvæma öryggisafritun með reglubundnum hætti af gagnamiðlum, t.d. hörðum diskum í tölvukerfum, sem varðveita bókhaldsgögn. Um vörslu og aðgengi gagna og bókhald gilda lög nr. 145/1994 um bókhald, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 598/1999 um rafrænt bókhald, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa.

Sérstaða varðandi SMT-tollafgreiðslu

- Allir leyfishafar SMT-tollafgreiðslu skulu hafa aðgang að Tollalínu töllyfirvalda, en þar er m.a. hægt að fylgjast með stöðu tollafgreiðslu vörusendinga og póstsendinga á viðkomandi tollafgreiðslustað o.fl. Unnt er að tengjast Tollalínunni m.a. í gegnum Internetið.³

³ Sjá neðanmálsgrein á bls. 2.

- Starfsmönnum tollstjóra er ekki heimilt að breyta upplýsingum í SMT-útflutningsskýrslum eða leiðréttum þær við tollmeðferð og er þeim því aldrei breytt eða leiðréttingar gerðar af starfsmönnum tollafgreiðslustaðar. Af því leiðir að sé SMT-skýrsla samþykkt af tollafgreiðslustað hefur leyfishafi vissu fyrir því að tollafgreiðslan er byggð á þeim upplýsingum óbreyttum, sem hann skráði í útflutningsskýrsluna og ber ábyrgð á að séu réttar. Séu athugasemdir gerðar við SMT-útflutningsskýrslu, sem er til afgreiðslu hjá tollstjóra, getur leyfishafi sent inn nýja leiðréttu SMT-skýrslu eða í sérstökum tilvikum að kröfu tollstjóra lagt inn leiðréttu útflutnings-skýrslu á pappír ásamt fylgiskjöllum og telst þá vörusendingin eða póstsendingin vera komin í almenna tollafgreiðslu á tollafgreiðslustað og ekki lengur vera í afgreiðsluferli SMT-tollafgreiðslu.
- Þegar leyfishafi sendir SMT-útflutningsskýrslu um gagnaflutningsnet til tollafgreiðslustaðar telst hann vera að samþykkja að tollafgreiðslustaður tollafgreiði vöruna eins fljótt og verða má. Af þessu leiðir að leyfishafi skal aldrei senda SMT-útflutningsskýrslu til tollafgreiðslustaðar nema hann vilji fá vöruna tollafgreidda þegar í stað.
- Senda má SMT-útflutningsskýrslur til tollafgreiðslustaðar allan sólarhringinn en tollafgreiðsla hjá tollafgreiðslustað er þó m.a. háð því að öll tölvukerfi séu starfhæf, þ.m.t. tölvukerfi tollyfirvalda, Tollakerfið, og tekjubókhaldskerfi ríkisins, TBR kerfið, sem er í umsjón Ríkisbókhalds.
- Ef SMT-skeyti frá tollafgreiðslustað hefur misfarist á leiðinni til eða hjá útflytjanda getur tollafgreiðslustaður að beiðni hans sent skeytið aftur, þ.e. afrit þess.

Útskrift útflutningsskýrslu á pappír og SMT-útflutningsskýrsla - línur tollskrárnúmera

Meginreglan er sú að draga skal saman vörur í vörureikningi eða vörureikningum, sem tilheyra einni útflutningsskýrslu og eru í sama tollskrárnúmeri, í eina línu í útflutningsskýrslu hvort sem um er að ræða skýrslu á pappír eða SMT-skýrslu. Þetta er bundið þeim skilyrðum að upplýsingar, sem tengdar eru tollskrárnúmerinu séu samhljóða, þ.e. upprunaland sé það sama fyrir vörunar, tollmeðferðin sé hin sama og sams konar leyfi og vottorð og e.a. að aðrar upplýsingar, sem krafist er í útflutningsskýrslunni vegna vörunnar, leiði ekki af sér að sundurliða þarf vörur í línunum í skýrslu þó að þær falli undir sama tollskrárnúmer. Aldrei má sameina vörur í sama tollskrárnúmeri í eina línu í útflutningsskýrslu ef upprunaland, tollmeðferð, leyfi, vottorð o.fl. gögn eru ekki þau sömu fyrir vörunar.

Samræmi á framsetningu upplýsinga í SMT-útflutningsskýrslu (CUSDEC-skeyti), útflutningsskýrslu á pappír og útflutningsskýrslu, sem vistuð er í hugbúnaði og tölvukerfi útflytjanda.

SMT-útflutningsskýrsla, sem send er með CUSDEC skeyti til tollstjóra, skal innihalda upplýsingar eins fram settar og í samræmi við pappírsútflutningsskýrslu, sem skrifuð er út úr hugbúnaði útflytjanda. Með þessu er m.a. átt við að ef vörur í sama tollskrárnúmeri eru dregnar saman í eina línu í SMT-útflutningsskýrslu skal slíkt einnig gert þegar sú skýrsla er prentuð út á pappír. Sama gildir þegar vörur í sama tollskrárnúmeri eru **ekki** dregnar saman í eina línu í SMT-útflutningsskýrslu þá skal það ekki heldur gert í pappírsútgáfu skýrslunnar. Útflutningsskýrslur, hvort sem um SMT-skýrslu eða pappírsskýrslu er að ræða, skulu vistaðar í tölvukerfi útflytjanda eins og þær voru sendar til tollstjóra og fengust samþykktar þar.